

Samráðsfundur um fjarskiptamál – Austurland

Fundarstaður: rafrænn fundur á teams

Fundartími: kl. 13:00, 12.4.2021

Fjöldi fundargesta: 30

- Jón Björn Hákonarson setti fundinn og kynnti dagskrá fundarins
- Ottó V. Winther kynnti fjarskiptaráð. Fór yfir stefnumótunarferlið og vinnuna við grænbókarferlið
- Jón Björn fór yfir stöðu nokkurra helstu aðgerða stjórnvalda í gildandi fjarskiptaáætlun og áskoranir í aðgengi að fjarskiptum

Erindi

Einar Már Sigurðarson, formaður SSA

- Las upp ályktun SSA varðandi ljósleiðaratengingu
- Lagði áherslu á að landsmenn þurfi að sitja allir við sama borð og að sambandið sé sem allra best
- Þörf á að skilgreina GSM kerfið sem neyðarkerfi
 - Enn dauðir punktar til staðar
- Mikilvægt að áætlanir, líkt og byggðaáætlun og fjarskiptaáætlun, tali saman

Sara Elísabet Svansdóttir, sveitastjóri Vopnafirði

- Fór yfir stöðu fjarskiptamála á Vopnafirði
 - Meirihluti dreifbýlis með ljósleiðara vegna verkefnisins Ísland ljóstengt
 - Ekki sama staða í dreifbýli; slæm tenging þar en von er á ljósleiðaratengingu þar
- Fór yfir stöðu farsímatengingar
 - Ekkert gsm samband á stöku stöðum; unnið að því að bæta það
- Fór yfir helstu verkefni, þ.á.m.;
 - Tryggja símasamband í allri sveitinni
 - Ljósleiðari í þéttbýli

Eyjólfur Jóhannsson, rafmagnstæknifræðingur hjá Rafey

- Tók fram að gott 4G kerfi gæti dugað – ekki endilega þörf á að ljósleiðaravæða hvern og einn bæ
- Velti upp hagkvæmni pælingum varðandi lagningu ljósleiðara
- Velti upp pælingum varðandi alþjónustuskyldu Póst- og fjarskiptastofnunar
- Varpaði fram spurningum um hvort eigi að gera eitthvað fyrir þá sem standa eftir í verkefninu Ísland ljóstengt

Sveinn H. Oddsson Zoëga, formaður svæðisráðs björgunarsveita á Austurlandi

- Fór yfir stöðu TETRA-sambands á svæðinu og dauða bletti

13:50 HópaVinna, þátttakendum skipt í *break out* herbergi og svara sömu spurningum:

1. *Getið þið talið til nýlegar aðgerðir í fjarskiptum sem höfðu góð/jákvæð áhrif á Austurlandi?*
 - a. *Í hverju fólst ábatinn*
 - b. *Hefði verið hægt að auka hann? Hvernig?*
2. *Hverjar eru helstu áskoranir í fjarskiptamálum innan Austurlands*
3. *Hver eru helstu tækifæri til framfara á Austurlandi og hvernig geta fjarskipti stuðlað að framgangi þeirra?*

Umræður eftir hópavinnu

Í svörum við spurningu 1 kom fram:

- Uppfærsla í 4G í ýmsum sveitum
 - Hefði verið hægt að minnka kostnað og nota 4G víðar þar sem að það hentar, í stað þess að leggja of mikla áherslu á ljósleiðaratæknina
 - 4G gæti uppfyllt þarfir og leyst samband á GSM í leiðinni
- Farsímasendir í Njarðvík
- Ísland ljóstengt + Lenging á verkefninu – fleiri sem náðu að nýta það
 - Verið að fara upp fellin, jökuldalinn o.s.frv.
 - Umframeftirspurn í Ísland ljóstengt – kostaði meira en áætlað var
 - Kostaði meira en fengið var frá fjarskiptasjóði – tap í fjárfestingu
 - Kostaði miklu meira eftir því hvernig jarðfræðin er – mjög mismunandi kostnaður
 - Ef það væri betra 4G þá væri mikill ávinningur af því fyrir dekkun
 - Gott 4G og 5G að koma – þarf þétt net af sendum til að það gangi upp – spurning hvort það væri lausn
 - Bylting fyrir sveitirnar að fá ljósleiðara, bætir búsetuskilyrði verulega
 - Farsímasamband ekki batnað alls staðar

Í svörum við spurningu 2 kom fram:

- Bæta fjarskipta- og farsímasamband
- Ef fjarskiptafyrirtækin leyfa reiki sín á milli myndi fækka dauðum punktum hjá notendum
- „Eyða“ fjarskipta skuggasvæðum á GSM og TETRA við þjóðvegi og ferðamannasvæði
 - T.d. Fagradalurinn og Öxi þar sem er mikil umferð og slitrótt samband
- Múlaping – klára dreifbýlið
- Innan Austurlands, ljósleiðaravæðing þéttbýliskjarna
 - Fámennari þéttbýli þurfa einnig stuðning til að standa straum af kostnaði við ljósleiðaravæðingu
- GSM samband á fjölförnum vegum
- Þjóðvegur ekki GSM væddur og dekkun mjög slitrótt
 - GSM kerfi sem öryggiskerfi
- Háreksstaðaleiðin – er ekki með GSM samband
- GSM samband – þarf að vera „worst case scenario“ sem þarf að skipuleggja fyrir og fjarskiptaskipulag þarf að miða við það
- Búsetuskilyrði

Í svörum við spurningu 3 kom fram:

- Öruggasti staður fyrir gagnaver varðandi legu nýs sæstrengs
- Fjarvinna og góð fjarskipti eru tækifæri fyrir aukna atvinnumöguleika á Austfjörðum
- Ef það er ekki tenging, þá hefur það veruleg áhrif á fólk, það upplifir ekki sambærileg búsetuskilyrði
- Tengingar mikilvægar
- Ljósleiðari inn í hvert hús þarf að vera eins og vatn og rafmagn
- Kynslóðin sem er að koma sættir sig ekki við takmörkun vegna fjarskiptamála
- Staðfesta hvernig raunverulega GSM sambandið er
- Kynna þarf með betri hætti hvert á að tilkynna að skortur sé á fjarskiptasambandi á vegum
- Gæti falist áskorun/tækifæri í að gera fleirum kleift að komast inn á NATO-strengina til þess að bjóða þjónustu
- Ef á að koma Háskólastarfi á Austurland þá þurfa fjarskipti (nettengingar allra helst) að vera í lagi
 - Einnig mikilvægt fyrir nýsköpun af hvers konar tagi

14:33 Fundi slitið

Samráðsfundur um fjarskiptamál – Norðurland vestra

Fundarstaður: rafrænn fundur á teams

Fundartími: kl. 10:00, 13.4.2021

Fjöldi fundargesta: 28

- Jón Björn Hákonarson setti fundinn og kynnti dagskrá fundarins
- Ottó V. Winther kynnti fjarskiptaráð. Fór yfir stefnumótunarferlið og vinnuna við grænbókarferlið
- Jón Björn fór yfir stöðu nokkurra helstu aðgerða stjórnvalda í gildandi fjarskiptaáætlun og áskoranir í aðgengi að fjarskiptum

Erindi

Ragnheiður Jóna Ingimarsdóttir, sveitarstjóri Húnaþingi vestra

- Fjallaði um áhrif óveðursins á Norðvesturlandi í desember 2019
- Fór yfir bókanir frá sveitarstjórnarfundum um ástandið sem skapaðist
- Fór yfir niðurstöður skýrslna sem voru gerðar eftir óveðrið, m.a. frá fjarskiptafyrirtækjum
- Íbúar upplifa öryggisleysi
- Fór yfir áherslur landhlutans til að tryggja að þetta ástand myndist ekki aftur

Sigfús Ingi Sigfússon, sveitarstjóri Sveitarfélaginu Skagafirði

- Kynnti Sveitarfélagið Skagafjörð

- Fór yfir þróun nettingar á svæðinu
- Fór yfir stofnun Gagnaveitu Skagafjarðar og markmiðin með stofnun hennar
- Fór yfir átakið Ísland ljóstengt í Sveitarfélaginu Skagafirði
 - Áfangaskipting
 - Hverju verkefnið hefur skilað
 - Búsetuskilyrði og lífsgæði gjörbreytt
 - Hvaða ókostir hafa verið
 - Getur verið mikill kostnaður af hálfu sveitarfélaga
 - Aðstöðumunur milli sveitarfélaga
- Fór yfir hvað er fram undan þegar lokið er tengingu dreifbýlis
 - Minni þéttbýlisstaðir á landsbyggðinni hafa setið eftir

10:40 Hópavinna, þátttakendum skipt í *break out* herbergi og svara sömu spurningum:

4. *Getið þið talið til nýlegar aðgerðir í fjarskiptum sem höfðu góð/jákvæð áhrif á landsvæðinu?*
 - a. *Í hverju fólst ábatinn*
 - b. *Hefði verið hægt að auka hann? Hvernig?*
5. *Hverjar eru helstu áskoranir í fjarskiptamálum innan svæðisins*
6. *Hver eru helstu tækifæri til framfara á svæðinu og hvernig geta fjarskipti stuðlað að framgangi þeirra?*

Umræður eftir hópavinnu

Í svörum við spurningu 1 kom fram:

- Varaafl aukið í kjölfar óveðurs – aukið öryggi fjarskipta
- Ísland ljóstengt – hefði mátt samþætta framkvæmdir betur
 - Hefði mátt auka ábata ef fjarskipta/orkufyrirtæki hefðu sameinast um framkvæmdir á hverju svæði fyrir sig, brjóta upp forgangsraðanir gagnvart áætlunum sem hafa verið settar s.s. að nýta tækifærið þegar verið er að leggja ljósleiðara til að setja niður 3ja fasa rafmagn í leiðinni

Í svörum við spurningu 2 kom fram:

- Dekkun á Gsm, 3G/4G og Tetra ekki nægilega góð
- Heimili – ef koparvírinn er ekki til staðar þá eru heimili fjarskiptalaus
- Á vegum - Tetrakerfið öryggiskerfi
- Fjölgun senda til að þétta kerfið
 - Hafa heimamenn með í ráðum þegar sendar eru settir upp þar sem þeir þekkja vel til
- Upplýsingagjöf mætti vera meiri varðandi stöðu verkefna
- Ljósleiðaravæðing smærri þéttbýlisstaða sem ekki verða gerðar á markaðslegum forsendum – bindum vonir við Ísland fulltengt
- Lokaður markaður, engin samkeppni
- Línugjald greitt til Reykjavíkur en ekki til sveitarfélaga á svæðinu

- Lélegt GSM samband í framdölum Norðurlands vestra og almennt fram á heiðum, öryggismál fyrir ferðapjónustu framtíðarinnar
- Mikilvægt að ljósleiðaravæða í stað þess að treysta á 5G

Í svörum við spurningu 3 kom fram:

- Atvinnumál – jöfnun kostnaðar gagnaflutninga á landsbyggðinni
- Störf án staðsetningar
- Fjarvinnslustöðvar
- Bæting tenginga í þéttbýli – áherslumál íbúa – skiptir máli varðandi sölu íbúða hvort það er ljósnet eða ljósleiðari
- Hvað er lítið og hvað er meðalstórt þéttbýli?
- Fleiri gsm-sendar með 4g og 5g er stærsti þátturinn og þó það væri ekki nema 3g
- Ýmislegt hægt að gera með litlum tilkostnaði varðandi varafl á heimilum
 - Vantar að miðla þekkingu um það; litlir varaafs geymar geta bjargað miklu sem fólk heldur afli á. Mætti vera í nýrri fjarskiptaáætlun eitthvað um fræðslu og kynningarátak um það

11:15 Fundi slitið

Samráðsfundur um fjarskiptamál – Norðurland eystra

Fundarstaður: rafrænn fundur á teams

Fundartími: kl. 13:00, 13.4.2021

Fjöldi fundargesta: 21

- Jón Björn Hákonarson setti fundinn og kynnti dagskrá fundarins
- Ottó V. Winther kynnti fjarskiptaráð. Fór yfir stefnumótunarferlið og vinnuna við grænbókarferlið
- Jón Björn fór yfir stöðu nokkurra helstu aðgerða stjórnvalda í gildandi fjarskiptaáætlun og áskoranir í aðgengi að fjarskiptum

Erindi

Björg Unnur Sigurðardóttir, flugumferðarstjóri, Akureyrarflugvelli

- Fór yfir þá fjarskiptatækni sem notuð er á Akureyrarflugvelli
- Gervitungl skipta miklu máli, þó ekki notað mikið í flugumferðarstjórn á Akureyrarflugvelli
 - Eru einnig nýtt í flugferlateikningum
 - T.a.m. fyrir aðflug
 - Ef tenging við gervitungl dettur út þá minnkar nýting af flugvellingum
- Rafmagn er lífæðin

Hermann Karlsson, aðalvarðstjóra hjá lögreglunni á Norðurlandi eystra (og Almannavarnir)

- Fór yfir „spora“kerfi sem neyðarlínan safnar upplýsingar inn í
 - Sýndi hvar dekkun er ábótavant og hvar hún er fullnægjandi
- Sýndi kort af varaafsstöðvum
 - Landshlutinn almennt vel settur

13:40 Hópavinna, þátttakendum skipt í *break out* herbergi og svara sömu spurningum:

7. *Getið þið talið til nýlegar aðgerðir í fjarskiptum sem höfðu góð/jákvæð áhrif á landsvæðinu?*
 - a. *Í hverju fólst ábatinn*
 - b. *Hefði verið hægt að auka hann? Hvernig?*
8. *Hverjar eru helstu áskoranir í fjarskiptamálum innan Austurlands*
9. *Hver eru helstu tækifæri til framfara á Austurlandi og hvernig geta fjarskipti stuðlað að framgangi þeirra?*

Umræður eftir hópavinnu

Í svörum við spurningu 1 kom fram:

- Óveðrin 2012 og 2019 urðu til þess að hraðað var framkvæmdum
- Eftir óveðrið var sett mikið þúður í uppbyggingu fjarskipta og hefur falist ábati í því fyrir svæðið. Núna er allt komið á einn stað, möstur og rafmagn, t.d. á Siglufirði þar sem annmarkar voru miklir fyrir
- Uppbyggingin á varaafli jákvætt skref fyrir landshlutann
 - Uppi á hálendinu líka, Neyðarlínan að bæta í
- Viðgerð á sendi á Gunnólfsvíkurfjalli og möstur með sterkari sendum jákvætt
- Lenging verkefnisins Ísland ljóstengt
- Mikið sett í innviðauppbýggingu í ljósleiðaratengingum, inn á heimili
- Meira en 90% heimila í Hörgársveit ljósleiðaratengd á reikning sveitarfélagsins
- Hægt að auka ábata:
 - Í áætluninni 2012 urðu t.d. Hofstaðir út undan enda var ekki búið þar á þeim tíma
 - Smærri þorp og byggðakjarnar sem ekki voru kölluð þéttbýli, eru svo örlitlir að þeir hefðu átt að falla undir dreifbýli
 - Þyrfti líka að halda því til haga að ýta á stofnanir ríkisins með störf án staðsetningar. Nýta þessar fjárfestingar. Fögur fyrirheit með uppbyggingu innviða

Í svörum við spurningu 2 kom fram:

- Póst og fjarskiptastofnun sér um netöryggi fjarskipta, sem er mjög mikilvægt að sé gott. Búið að leggja rafmagn í jörð að hluta og mikið átak gert í því á síðasta ári. 5G þar sem ekki er ljósleiðari. Spurning um radiótíðni og hvernig hún er tryggð, eru sendarnir sameiginlegir hjá öllum kerfum?
- Nauðsynlegt að TETRA kerfið þróist áfram því það kerfi virkar þar sem önnur kerfi virka ekki s.s. á fáfarnari stöðum og torveldari leiðum
- Helstu áskoranir núna að byggja upp farsímakerfið, ert víða sambandslaus á vegum/flutningsleiðum
- Rafmagnsleysi gerir okkur mjög sambandslaus, afhending raforku er mjög mikilvæg

- Fjallabyggð rafmagnslaus í tvígang frá áramótum um lengri eða skemmri tíma
- Bæta útparpssamband
 - Öryggisventill sem útvarpið á að vera, dreifingarkerfið er stopult
- Breytt veðurlag og erfiðu vetrarveður eru veruleg áhætta þegar kemur að loftlínunum

Í svörum við spurningu 3 kom fram:

- Það á eftir að ljósleiðaravæða Hrísey. Kominn styrkur upp á 6 miljónir en vantar meira fjármagn til að ljúka því
- Það á eftir að ljósleiðaravæða meira í þéttbýli, Þórshöfn, Siglufjörð, miðbæ Akureyrar o.fl.
- Vantar meira varaafli á Þórshöfn og svæðið þar í kring
- Utanverður Eyjafjörður skilgreindur sem samkeppnissvæði og því ekki hægt að hafa sameiginlegt sendakerfi á því svæði. Kom illa við í óveðrinu þar sem ekki var hægt að tengja kerfin saman. Þarf meiri umræðu um þetta atriði. Á netið að vera samkeppnisnet eða á dreifikerfið að vera á hendi opinberra aðila?
- Glopur í kerfunum bæði við utanverðan Eyjaförð og einnig á Langesi. Framtíðin sé þannig að einn sendir dekki allt en ekki margir sendar sem dekkja sumt
- Aukið rafmagn með t.d. vindmyllugörðum jákvætt fyrir framtíðina, t.d. gagnaver. Rafmagnið er lífæð fjarskipta, þarf að vera tryggt
- Fjarskiptafyrirtækin og símafyrirtækin hafi fleira starfsfólk úti á landi. Að starfsfólkið búi við þau skilyrði sem þau eru að reyna að mæta
- Aðstæðurnar undanfarið, fjarvinna, störf án staðsetningar og lífsgæði fólks, hægt sé að ganga að fjarskiptaþjónustunni sem víðast. Aukin stafræn þjónusta sveitarfélaga kallar á netöryggi
- Öll lögbýli búi við fast farsímasamband
- 5G kerfið, er það eitthvað sem getur dekkjað það sem ljósleiðari er að gera? Dregur frekar stutt. Hægt væri að 5G væða bæjarfélög
- Þarf að fara saman strategískt lausnirnar og hvernig á að nota þær. Að ríkið sé að nýta úrræðin og tæknina – störf flytjast út fyrir höfuðborgarsvæðið
- Af hverju er flutningur starfa út á land ekki að ganga hratt og vel eftir? Margþættar ástæður, tregða innan stofnana og ráðuneyta
- Mikið skynsamlegra að byggja upp stærri kjarna víðar um landið

14:18 Fundi slitið

Samráðsfundur um fjarskiptamál – Vesturland

Fundarstaður: rafrænn fundur á teams

Fundartími: kl. 10:00, 14.4.2021

Fjöldi fundargesta: 26

- Jón Björn Hákonarson setti fundinn og kynnti dagskrá fundarins
- Ottó V. Winther kynnti fjarskiptaráð. Fór yfir stefnumótunarferlið og vinnuna við grænbókarferlið

- Jón Björn fór yfir stöðu nokkurra helstu aðgerða stjórnvalda í gildandi fjarskiptaáætlun og áskoranir í aðgengi að fjarskiptum

Erindi

Lilja B. Ágústsdóttir, formaður SSV

- Fjarskipti mikilvæg ef efla á byggð á landsbyggðinni
- Fór yfir þann árangur sem Ísland ljóstengt hefur skilað á Vesturlandi
 - Eflt atvinnulíf
 - Eflt vöru- og þjónustumarkað
- Fór yfir sviðsmynd úr sviðsmyndagreiningu fyrir framtíð Vesturlands
- Fór yfir það sem enn á eftir að gera
 - Klára þarf ljósleiðaravæðingu í dreifbýli jafnt sem litla þéttbýliskjarna sem hafa orðið út undan
- Fór yfir bókun frá haustþingi SSV varðandi að hraða ljósleiðaravæðingu þéttbýlis sem eftir er
- Fór yfir stöðu farsímasambands á Vesturlandi
 - Enn svæði þar sem samband er óviðunnandi
 - Áhersla lögð á að TETRA-sendar á Vesturlandi uppfylli kröfur til að geta sýnt öryggishlutverki sínu

Kristján Sturluson, sveitarstóri í Dalabyggð

- Fór yfir stöðu ljósleiðaravæðingar í Dalabyggð
- Þarf að gera fýsilegra fyrir fjarskiptafyrirtæki að koma inn í þéttbýlisstaði
- Staða fjarskipta hefur áhrif á búsetu
- Öryggismál mikilvæg
 - Göt í kerfinu á fleiri stöðum en kortin sýna
- Jafnræði mikilvægt

Björg Ágústsdóttir, bæjarstjóri í Grundarfirði

- Ljósleiðaravæðing mikilvæg fyrir að starfsemi og verslun þrífist
 - starfsemi fyrirtækja
 - möguleiki fjarnáms hjá skólum
 - Helgihald og menningarlíf
- Fór yfir kostnað sveitarfélagsins við ljóstengingu dreifbýlis í gegnum Ísland ljóstengt
- Fór yfir markmið um ljósleiðaratengingu skv. 5 ára fjarskiptaáætlun
 - Raunin að markmiðin nást ekki
- Tekur of langan tíma að ljósleiðaravæða
- Fór yfir litakóðun ESA vegna ríkisaðstoðar við ljósleiðaravæðingu
 - Tók fram að endurskoðunar er þörf á gráu svæðunum og hvenær markaðsbrestur á sér stað

11:00 HópaVinna, þátttakendum skipt í *break out* herbergi og svara sömu spurningum:

10. *Getið þið talið til nýlegar aðgerðir í fjarskiptum sem höfðu góð/jákvæð áhrif á landsvæðinu?*
 - a. Í hverju fólst ábatinn
 - b. Hefði verið hægt að auka hann? Hvernig?
11. *Hverjar eru helstu áskoranir í fjarskiptamálum innan Austurlands*

12. Hver eru helstu tækifæri til framfara á Austurlandi og hvernig geta fjarskipti stuðlað að framgangi þeirra?

Umræður eftir hópavinnu

Í svörum við spurningu 1 kom fram:

- Ísland ljóstengt hafði góð áhrif fyrir dreifbýlið. Fólk getur starfað án staðsetningar og atvinnutækifæri/búsetugæði aukast
 - Hraði gagnaflutninga
- Aukast líkur á að fólk vilji setjast að í dreifbýli og þá fjölgar „vörslumönnum lands“, jafnvel þó hver og einn sé mögulega á minni bletti en einni jörð
 - Það er jákvætt fyrir ásýnd og umhyggju fyrir landi/sveit
 - Þegar öllu er á botninn hvolft þá er þetta góð fjárfesting, sem á eftir að skila sér
 - Þéttir „netið“ og gefur Íslandi klárt samkeppnisforskot
- Hægt hefði verið að auka ábatann með því að taka þéttbýlisstaðina með
 - Litlir þéttbýlisstaðir urðu eftir
 - Hefðum grætt á því að vera krítiskari á þessum gráu svæðum og tilbúin með skilgreiningar eða „sorteringu“
 - Hluti gráu svæðanna hefði átt að fylgja Íslandi ljóstengdu verkefninu
 - Míla á töluvert af innviðum til að koma strengjum í
- Bæta þarf öryggi í rafmagni
 - Snæfellsnes

Í svörum við spurningu 2 kom fram:

- Ljósleiðaravæðing minni þéttbýlisstaða
- Skilgreining „gráu svæðanna“ – Er þar markaðsskekkja, fremur en markaðsbrestur? Liggja mitt á milli
- Stjórnvöld þurfa annað hvort að bæta löggjöf/regluverk, eða framkvæmd sína, til að fylgja eftir þeim ramma sem er um framkvæmdaraðila sem áhuga sýnir á svæði – hve langan tíma má það taka, að ljósleiðaravæða, án þess að markaðsbrestur teljist á svæði?
- Sveitarfélögin hafa ekki fjármagn/tekjustofn til að gera þetta á svipaðan hátt og með Ísland ljóstengt. Munum ekki hafa bolmagn
 - Og ef þetta er svart svæði, þá mega sveitarfélögin ekki styrkja
- Farsímasamband hefur versnað
 - Er öryggismál á vegum og þar sem er búseta
- Skoða kröfur til fjarskiptafyrirtækjanna vegna búnaðar
 - Fjarskiptasamband
 - Reiki milli fyrirtækja
 - Skilgreina öryggisbúnað
- Upplýsa um hvernig megi tryggja varaafll vegna fjarskipta
 - Einfaldur búnaður sem þarf að upplýsa um
 - Aukið raforkuöryggi

Í svörum við spurningu 3 kom fram:

- Að skapa grundvöll til að störf geti orðið til og fólk geti sótt sér menntun, sinnt áhugamálum o.fl. sem byggir á góðum fjarskiptum, á okkar landsvæði
- Að opna á meiri samkeppni á milli fjarskiptafyrirtækja á „gráum svæðum“ – og, eins og segir í 2, að skilgreina betur hvernig markaður má hegða sér/spila á þeim svæðum
- Ljósleiðaravæðing og netsamband í þéttbýli
- Auka öryggi farsímasambands
- Setja skýran tímaramma um ljósleiðaravæðingu
 - Ekki nóg að fyrirtæki lýsi áhuga og síðan líða mörg ár
- Jafnræði

11:35 Fundi slitið

Samráðsfundur um fjarskiptamál – Vestfirðir

Fundarstaður: rafrænn fundur á teams

Fundartími: kl. 13:00, 14.4.2021

Fjöldi fundargesta: 21

- Jón Björn Hákonarson setti fundinn og kynnti dagskrá fundarins
- Ottó V. Winther kynnti fjarskiptaráð. Fór yfir stefnumótunarferlið og vinnuna við grænbókarferlið
- Jón Björn fór yfir stöðu nokkurra helstu aðgerða stjórnvalda í gildandi fjarskiptaáætlun og áskoranir í aðgengi að fjarskiptum

Erindi

Ingibjörg Erlingsdóttir, sveitarstjóri Reykhólahrepps

- Fór yfir Ísland ljóstengt í Reykhólahreppi
- Fór yfir kostnað verkefnisins
- Áhersla lögð á þörf verkefnis sem felst í að ljósleiðaravæða þéttbýli líka
 - Þörf á samtengingu kerfa
- Ekki GSM samband alls staðar

Eggert Stefánsson, Staða fjarskipta út frá sjónarhóli notanda og björgunarsveitarmanns

- Fór yfir stöðu fjarskipta á svæðinu
 - T.a.m. hvar dauðir punktar eru
- Greindi frá muni á tengingum viðskiptavina mismunandi fjarskiptafyrirtækja

Björn Davíðsson, Staða fjarskipta á Vestfjörðum

- Hringtenging á Vestfjörðum ófullkomin
 - Síðasti leggur frá Súðavík og út á Ísafjörð er flöskuháls
 - Bandbreidd að verða/orðin of lítil
 - Álftafjarðargöng myndu leysa málið

- Vakti athygli á að strengurinn sem er á svæðinu sé að verða barn síns tíma
 - Ekki verður hægt að nýta hann til að koma 5G sambandi á svæðið
 - Líklegt að kostnaður standi í vegi fyrir að 5G sambandi verði komið á svæðinu
 - Þörf á aðgangi að fleiri þráðum í nato-strengnum
- Útvarpssendingar eru ekki fullnægjandi – langbylgjan er neyðarúrræði
- Þörf á mælingum
- Fór yfir atriði við uppbyggingu innviða
 - Lagði áherslu á að fjarskipti eru samgöngur og þörf á að vinna í samlegð
 - Innviðasvæði í vegagerð
 - Samstarf fjarskiptafyrirtækja og annarra veitna
 - Samstarf við áætlanagerð og hönnun
 - Innanlandssambönd vs. sæstrengir til útlanda

14:15 Hópavinna, þátttakendum skipt í *break out* herbergi og svara sömu spurningum:

13. *Getið þið talið til nýlegar aðgerðir í fjarskiptum sem höfðu góð/jákvæð áhrif á landsvæðinu?*
 - a. Í hverju fólst ábatinn
 - b. Hefði verið hægt að auka hann? Hvernig?
14. *Hverjar eru helstu áskoranir í fjarskiptamálum innan svæðisins*
15. *Hver eru helstu tækifæri til framfara á svæðinu og hvernig geta fjarskipti stuðlað að framgangi þeirra?*

Umræður eftir hópavinnu

Í svörum við spurningu 1 kom fram:

- Ísland ljóstengt
 - Ábatinn felst í því að bæta tengingar í dreifbýlinu
 - Hægt væri að auka hann með því að tengja einnig þéttbýli
 - Fjarskiptafyrirtækin velja sér hagkvæm verkefni við tengingar í þéttbýli
 - Setja meira fjármagn í verkefnið
 - Varðandi Hornafjörð þá er elsti ljósleiðari í dreifbýli staðsettur í Öræfum sem þarfnast viðhalds annað hvort nýja plægingu eða aðrar lausnir sem eru kostnaðarsamar og er ekki styrkhæf
 - Við framkvæmd verkefnisins í Reykholti var til umræðu að tengja þar. Ekkert óeðlilegt að íbúar í þéttbýli tengist gegn gjaldi. Þarf að skoða betur hvernig aðstæður eru á hverjum stað
- Aukinni ljósleiðaravæðingu fylgir fjölgun atvinnutækifæra
 - Hefði þurft að auka þekkingarflæði milli sveitarfélaga
 - Sveitarfélögin hafa ekki burði til að dreifa ljósleiðaranum innan þéttbýlis á þeim stöðum þar sem ekki er hægt að gera þetta á markaðslegum forsendum. Þörf á fjármagni frá ríkinu til að aðstoða við þetta

Í svörum við spurningu 2 kom fram:

- Víða skallablettir í fjarskiptasambandi

- Sérfræðipækning sveitarfélaga á ljósleiðara/fjarskiptamálum ákveðin hindrun í að framkvæma verkefni á einfaldan hátt
- Áriðandi að þetta móttökunet útvarps þar sem það er öryggistæki
- Svæðið hefur dregist aftur úr í sambandi við fjarskiptatækni og strengjalagningu
 - Fjórðungurinn er að tapa tækifærum hvað varðar gagnaver og aðra atvinnuuppbyggingu
 - Áform um að jafnrétti skuli ríkja varðandi fjarskiptin eru ekki að raungerast; fjórðungurinn nýtur ekki jafnréttis

Í svörum við spurningu 3 kom fram:

- Kortlagningin sem gerð var í desember og janúar 2019-2020 í tengslum við veðurvá á þeim tíma og langtíma rafmagnsrofi, þetta má nýta inn í þessa greiningu.

14:38 Fundi slitið

Samráðsfundur um fjarskiptamál – Suðurland

Fundarstaður: rafrænn fundur á teams

Fundartími: kl. 10:00, 16.4.2021

Fjöldi fundargesta: 24 – 2 hópar

- Jón Björn Hákonarson setti fundinn og kynnti dagskrá fundarins
- Ottó V. Winther kynnti fjarskiptaráð. Fór yfir stefnumótunarferlið og vinnuna við grænbókarferlið
- Jón Björn fór yfir stöðu nokkurra helstu aðgerða stjórnvalda í gildandi fjarskiptaáætlun og áskoranir í aðgengi að fjarskiptum

Erindi

Sandra Brá Jóhannsdóttir, Skaftárhrepp

- Fór yfir stöðu fjarskipta á miðsvæði Suðurlands
 - Farsímasamband stopult á stöðum
 - Sömu staðir og raforkuöryggi er ábótavant
- Sýndi kort sem sýndi vegamælingar á GSM, 3G og 4G á svæðinu
- Fór yfir helstu áskoranir á svæðinu
 - Yfirvofandi náttúruvá; hvernig á að hafa samband við fólk?
- Greindi frá ályktun Skaftárhrepps til Póst- og fjarskiptastofnunar, þar sem lýst var yfir áhyggjum yfir að fjarskiptafyrirtæki hyggist leggja niður koparlínurnar, og svari PFS
- Greindi frá svari Neyðarlínunnar við erindinu

- Greindi frá að Almannavarnadeild lögreglustjórans á Suðurlandi vinnur nú að ítarlegri úttekt í samstarfi við PFS um fjarskiptasamband
- Fór yfir tækifæri og áskoranir
 - Þróun á tækni sem ekki er háð raforku
 - Tækni sem virkar í öskufalli
 - Nýsköpun

Elís Jónsson, Vestmannaeyjabæ

- Fór yfir stöðu fjarskipta í Vestmannaeyjum
- Fór yfir SASS ályktanir um fjarskipti
- Sýndi mynd sem sýnir aðgengi að næstu kynslóðar netum á Íslandi, frá árslokum 2017
- Fór yfir Ísland ljóstengt í Vestmannaeyjum
- Fór yfir markaðsbrest í Vestmannaeyjum varðandi fjarskiptafyrirtæki
 - Fjarskiptafélögin hafa ekki séð hvatann í að leggja ljósleiðara í Vestmannaeyjum

Halldóra Hjörleifsdóttir, Hrunamannahreppi

- Fór yfir Ísland ljóstengt í Hrunamannahreppi
- Fór yfir farsímasamband á svæðinu
 - Heilt yfir nokkuð gott en enn svæði án sambands
 - Mikið öryggismál
- Fór yfir helstu áskoranir og tækifæri
 - Störf án staðsetningar möguleiki
 - Allir geti tekið þátt í 4. iðnbyltingunni
 - Tryggja öryggi íbúa og gesta með góðu fjarskiptasambandi

Ásgerður Kristín Gylfadóttir, formaður SASS

- Tók fram að sömu vandamál og hafa verið nefnd eigi einnig við um austasta hluta svæðisins

11:15 Hópavinna, þátttakendum skipt í *break out* herbergi og svara sömu spurningum:

16. *Getið þið talið til nýlegar aðgerðir í fjarskiptum sem höfðu góð/jákvæð áhrif á landsvæðinu?*
 - a. *Í hverju fólst ábatinn*
 - b. *Hefði verið hægt að auka hann? Hvernig?*
17. *Hverjar eru helstu áskoranir í fjarskiptamálum innan Austurlands*
18. *Hver eru helstu tækifæri til framfara á Austurlandi og hvernig geta fjarskipti stuðlað að framgangi þeirra?*

Umræður eftir hópavinnu

Í svörum við spurningu 1 kom fram:

- Ísland ljóstengt, styrkur vegna dreifbýla

- Ábatinn fólst í öflugri, áreiðanlegri gagnatengingu
- Hefði verið hægt að auka ábata með því að verkefni Ísland ljóstengt haldi áfram til að styrkja tengingar, jafnframt í þéttbýli
 - Sérstaklega þar sem markaðsforsendur eru ekki til staðar
- Þörf á meira fjármagni í verkefnið, mikill kostnaður sem fellur á sveitarfélögin sem er jafnframt mjög mismunandi eftir stöðum
- Uppsetning á varaafli

Í svörum við spurningu 2 kom fram:

- Tryggja varaafli á fjarskiptabúnað sem tekinn er út reglulega og tryggir að búnaður sé virkur í rafmagnsleysi
- Tryggja fjarskipti, símasamband og gagnatengingar
- Tryggja stofnstrengi, m.a. milli lands og Eyja
- Viðaða skallablettir í fjarskiptasambandi
- Varðandi náttúruvá: Hvernig vörum við fólk við á svæðinu og náum sambandi við það

Í svörum við spurningu 3 kom fram:

- Fjarskipti m.a. í formi gagnatenginga eru mjög mikilvægar
- Fjarvinna / störf án staðsetninga
- 4. iðnbýltingin

11:40 Fundi slitið

Samráðsfundur um fjarskiptamál – Suðurnes

Fundarstaður: rafrænn fundur á teams

Fundartími: kl. 13:00, 16.4.2021

Fjöldi fundargesta: 13

- Jón Björn Hákonarson setti fundinn og kynnti dagskrá fundarins
- Ottó V. Winther kynnti fjarskiptaráð. Fór yfir stefnumótunarferlið og vinnuna við grænbókarferlið
- Jón Björn fór yfir stöðu nokkurra helstu aðgerða stjórnvalda í gildandi fjarskiptaáætlun og áskoranir í aðgengi að fjarskiptum

Erindi

Kristín María Birgisdóttir, Upplýsinga- og markaðsfulltrúi Grindavíkurbæjar

- Fór yfir stöðu fjarskipta í Grindavík
- Sagt frá að Míla ehf. hefur óskað eftir að reisa mastur við Víkurbraut

- Kynnti Grindavík og Reykjanessvæðið

Gunnar Ellert Geirsson, deildarstjóri umhverfismála hjá Reykjanesbæ

- Öflug gagnaver staðsett á Reykjanesi og því mikilvægt að öflugir ljósleiðarar sé til staðar
- Fór yfir kostnað sveitarfélagsins við að ljósleiðatengja hús við hafnir sem hafa ekki tengingu
 - Velt upp hvort það sé hlutverk sveitarfélaga að standa að slíkri tengingu m.a. þar sem þau fá ekki tekjur af því í framtíðinni
- Telur ekki vera samasemmerki á milli þess að vera með ljósleiðaratengingu og að vera með góða tengingu
- Velt upp hvort nægir hvatar séu til staðar til að skapa samkeppni í innviðum
 - Fjármagn þurfi að fylgja Ísland ljóstengt

13:45 Hópavinna, þátttakendum skipt í *break out* herbergi og svara sömu spurningum:

19. *Getið þið talið til nýlegar aðgerðir í fjarskiptum sem höfðu góð/jákvæð áhrif á landsvæðinu?*
 - a. Í hverju fólst ábatinn
 - b. Hefði verið hægt að auka hann? Hvernig?
20. *Hverjar eru helstu áskoranir í fjarskiptamálum innan Austurlands*
21. *Hver eru helstu tækifæri til framfara á Austurlandi og hvernig geta fjarskipti stuðlað að framgangi þeirra?*

Umræður eftir hópavinnu

Í svörum við spurningu 1 kom fram:

- Lagning ljósleiðara í dreifðar byggðir á Suðurnesjum
- A) Í hverju fólst ábatinn?
Dreifbýli Vogar; Grindavíkur og Reykjanesbæjar (Hafnir) ljósleiðaravætt. Ljósleiðaravæðingu í þéttbýli í RNB mikill ábati fyrir svæðið en fyrirtæki hafa flutt af svæðinu t.d. tölvufyrirtæki út af lélegri tengingu. Bráðabirgðasímasendar komnir upp í Grindavík en það þarf að ljúka þeirri vinnu. Ljósleiðartenging mikið hita mál hjá íbúum. Aukin lífsgæði felast í því að hafa góða, örugga og hraða tengingu. Ekki síst í því umhverfi sem við búum í núna, mikil heimavinna út af Covid
- B) Hefði verið hægt að auka hann? Hvernig?
Óvissan sem lendir öll á sveitarfélaginu. Kostnaður við að ljósleiðaravæða Vatnsleysuströnd 80 mkr. (30 mkr í styrk en rest frá sveitarfélagi). 35 km löng leið þar af 32 km klöpp. Taka fleiri götur og ljósleiðaravæða. Gagnaveitan látin vita þegar það er opin skurður í Reykjanesbæ. Fjarskiptafyrirtæki lögðu upp í upphafi með að nota gamlan búnað og því er líklegt að ekki sé fyrir hendi nægjanlega góð samkeppni. Mikilvægt að tryggja samkeppni með því að láta fleiri en einn aðila að bjóða í

Í svörum við spurningu 2 kom fram:

- Ljósleiðaravæða heimili í þéttbýli, ekki nægjanlegar sterkar samkeppnisaðstæður fyrir hendi
- Mikilvægt að tryggja hringtenginu um Suðurstrandarveg. Eyða út dauðum svæðum

Í svörum við spurningu 3 kom fram:

- Fleiri sæstrengi á land, tengist gagnaverum og samkeppnishæfi okkar í því að draga að fleiri gagnaver. Sem er svo hluti af Græna dreglinum
- Fjarskiptamöstur á dauðum svæðum
- Er vænlegra til framtíðar að horfa á 5G frekar en ljósleiðara?

14:12 Fundi slitið